

**Ed.**

### **349. Nefndarálit**

um frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill samþykkja frumvarpið með breytingum, en minni hlutinn vill vísa því frá með rökstuddri dagskrá.

Að lögum er nú til rannsóknarráð ríkisins, og hefur það með höndum ýmis þau verkefni, sem framleiðsluráði og iðnmálastjóra eru ætluð í þessu frumvarpi. Undir rannsóknarráði ríkisins stendur Atvinnudeild háskólans, sem ætlað er að framkvæma ýmsar þær rannsóknir, sem frumvarp þetta ætlar framleiðsluráði að láta gera. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að Atvinnudeild háskólans framkvæmi þær rannsóknir fyrir framleiðsluráð, enda þótt atvinnudeildin heyri undir rannsóknarráð og lúti stjórn þess.

Sömuleiðis virðist minni hlutanum, að með frumvarpi þessu sé iðnmálastjórn og framleiðsluráði ætlað að grípa mjög verulega inn í þau verkefni, sem fjárhagsráði ber að annast samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi.

Minni hlutinn telur, að þegar sett verði lög um skipulag og heildarstjórn iðnmálanna, verði að gæta þar samræmis við önnur ákvæði laga um skipulag og stjórn atvinnumála í landinu og finna á þessum málum það skipulag, sem bezt hentar og líklegt er að gefa beztan árangur með minnstum kostnaði, bæði fyrir ríkið og framleiðendur. Þetta verður varla gert á þessu þingi. Fyrir því leggur minni hlutinn til, að málið verði í þetta sinn afgreitt með svo hljóðandi

#### **RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða þetta frumvarp með hliðsjón af lögum um rannsóknarráð ríkisins og lögum um fjárhagsráð og leggi síðan fyrir næsta Alþingi frumvarp um heildarskipun iðnaðarmálanna og aðstoð ríkisins við þau, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. febrúar 1948.

Páll Zóphóníasson.      Steingr. Aðalsteinsson.